

Grímsey, 17. febrúar 2022

37. fundur hverfisráðs Grímseyjar og íbúafundur

Mætt: Karen Nótt Halldórsdóttir, formaður

Halla Ingólfssdóttir, ritari

Bjarni Reykjalín Magnússon

Fundur hverfisráðs hófst kl. 13:00

- Ákvörðun var tekin um að óska eftir nýrri ferju í stað Sæfara sem Grímseyingum þykir ekki lengur boðleg til farþegaflutninga á milli lands og eyjarinnar. Til stendur að fara í framkvæmdir á Sæfara og teljum við að þeim fjármunum væri betur varið upp í kaup á nýrri ferju sem færi betur með farþega.
- Eignir Akureyrarbæjar hér í Grímsey voru ræddar og þá aðallega þá þörf sem komin er á almennt viðhald á eignunum. Það þarf að laga þak á hreppshúsi, fara í múrhúð á félagsheimilinu, og skoða hita og pípulagnir í parhúsunum.
- Ræddir voru möguleikar á fólksfjölgun í eyinni með tilkomu fleiri möguleika um störf án staðsetningar.
- Rætt var um framkvæmdaféð og hvar það myndi nýtast best og var niðurstaðan sú að því væri best varið í girðingagerð og lagfæringar á götum og vegum hér í eyinni. Það er lítið að gera við blóm og blómaker þegar kindur og hestar eru hér í lausagöngu.
- Umræða um hvort hægt væri að bjóða upp á einhvers konar daggæslu næsta sumar. Aðstaða er til staðar og eingöngu þyrfti að ráða manneskju í hlutastarf, en þetta myndi auðvelda barnafólki að koma hér til starfa yfir sumartímann.
- Umræða var um hvort hægt sé að bjóða upp á ferðir í veg fyrir ferjuna t.d. með einhvers konar ferjurútu þar sem farþegar ferjunnar geta ekki nýtt sér áætlunartíma strætó.
- Kominn er tími á að uppfæra upplýsingaskilti fyrir ferðamenn í eyinni, en nokkrar upplýsingar á þeim sem eru núna eiga ekki lengur við.
- Bæta aðstöðu á tjaldsvæði t.d. með skjólvegg og aðgangi að rafmagni, en einnig þarf að slétta og laga svæðið.

Fundi lauk kl. 15:00